

Framboð til kirkjupings

Magnús Magnússon

3. kjördæmi vígðra Hólakjördæmi

Undirritaður býður sig fram til kirkjupings í einu af þremur kjördæmum vígðra manna, Hólakjördæmi. Undirritaður hefur verið þjónandi sóknarprestur í rúm 25 ár þar af 21 ár í Hólabiskupsdæmi en rúm 4 ár í Skálholtsbiskupsdæmi. Þjónustusagan geymir þannig rúman aldarfjórðung en undirritaður var vígður sóknarprestur til Skagastrandarprestakalls 26. nóv. 2000. Sat þar í 5 ár en fór svo til Ólafsvíkur í árslok 2005 og var þar sóknarprestur í rúm 4 ár. Þá aftur norður í ársbyrjun 2010 og varð sóknarprestur Breiðabólstaðarprestakalls með starfsstöð á Hvammstanga.

Undirritaður hefur gegnt fjölmörgum félags- og trúnaðarstörfum innan kirkju og samfélags á undanförunum árum og áratugum m.a. í Löngumýrarnefnd 2002-2006, í stjórn Prestafélags Íslands 2004-2012, í héraðsnefnd Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis frá 2014, í sveitarstjórn og byggðarráði Húnaþings vestra 2018-2026.

Undirritaður hefur látið æskulýðsmál og fermingarfræðslumál til sín taka m.a. með mætingu á landsmót AFSK með stóra og öflugum unglingshópa og tvisvar tekið á móti landsmóti sem landsmótsstjóri, þ.e. í Ólafsvík 2008 og á Hvammstanga 2014. Í fermingarfræðslu með mætingu á fimm daga fermingarnámskeiði í Vatnaskógi undanfarin aldarfjórðung og forstöðumaður á fimm daga námskeiði Húnavatns- og Skagafjarðarprófastsdæmis um 10 ára skeið.

Undirritaður hefur sem sóknarprestur, stjórnarmaður í PÍ, og héraðsnefndarmaður haldið á lofti mikilvægi víðtækrar kirkjulegrar þjónustu á landsbyggðinni og einnig hinu hversu kirkjan er mikilvægur þáttur í hverju samfélagi í gleði og sorg. Góð, vönduð og fagleg þjónusta kirkjunnar í hverju samfélagi er líka mikilvægt byggðamál og hluti af sjálfsmynd hversrar byggðar og héraðs.

Undirritaður hyggur og vonar að öll sú víðtæka þekking og reynsla af kirkjulegum málum, sem og á sviði samfélags og byggðar, eigi og megi nýtast vel í öllum þeim fjölmörgu málum sem æðsta vald þjóðkirkjunnar, kirkjuping, þarf að vinna með á hverjum tíma.

